



## Körfuknattleikssamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal · Engjavegi 6, 104 Reykjavík

### Stjórn, starfsmenn og nefndir KKÍ starfstímabilið 2009-2011

#### Stjórn KKÍ:

Formaður:	Hannes Sigurbjörn Jónsson
Varaformaður:	Guðbjörg Norðfjörð
Gjaldkeri	Eyjólfur Þór Guðlaugsson
Ritari:	Póra Melsted
Meðstjórnandi:	Páll Kolbeinsson
Meðstjórnandi:	Guðjón Þorsteinsson
Meðstjórnandi:	Erlingur Hannesson
Varamaður:	Lárus Ingi Friðfinnsson
Varamaður:	Bryndís Gunnlaugsdóttir
Varamaður:	Guðjón Guðmundsson

#### Starfsmennn KKÍ:

Framkvæmdastjóri:	Friðrik Ingi Rúnarsson
Mótastjóri:	Stefán Þór Borgþórsson
Íþróttafulltrúi:	Kristinn Geir Pálsson

#### Mótanefnd:

Jón Halldórsson, formaður  
Kristján Guðlaugsson  
Guðni Guðnason

#### Dómaranefnd:

Pétur Hrafn Sigurðsson, formaður  
Rögnvaldur Hreiðarson  
Sigmundur Már Herbertsson

- Unglinganefnd:** Póra Melsted, formaður  
Lárus Ingi Friðfinnsson  
Anna María Sveinsdóttir  
Ragnar M. Sigurðsson (sagði sig úr nefndinni 2010)  
Gréta María Grétarsdóttir
- Fræðslunefnd:** Snorri Örn Arnaldsson, formaður  
Bryndís Gunnlaugsdóttir  
Bárður Eypórsson
- A-landslíðsn. karla:** Páll Kolbeinsson, formaður  
Erlingur Hannesson
- A-landslíðsn. kvenna:** Guðbjörg Norðfjörð, formaður  
Björg Hafsteinsdóttir  
Guðni Hafsteinsson
- Aga-og úrskurðarnefnd:** Ingimar Ingason, formaður  
Pórólfur H. Þorsteinsson, varaformaður  
Björgvin Björnsson, varaformaður  
Ágúst Jóhannesson  
Kristinn G. Kristinsson  
Árni Helgason
- Áfrýjunardómstóll:** Halldór Halldórsson, formaður  
Jóhannes Karl Sveinsson  
Bryndís Gunnlaugsdóttir
- Áfrýjunardómstóll  
Varamenn:** Einar Hugi Bjarnason  
Bogi Hjálmarsson  
Gísli Gíslason
- Endurskoðendur:** Ottó Hafliðason  
Gísli Friðjónsson

## **Skýrsla stjórnar Körfuknattleikssambands Íslands 2009-2011**

Nokkrum dögum eftir Körfuknattleiksþing 2009 kom stjórn KKÍ saman og skipti með sér verkum. Stjórnin hélt 26 bókaða stjórnarfundum en auk þess voru fjöldi óformlegra funda, símtala og tölvupóstsendingar um málefni körfuboltans og íþróttahreyfingarinnar.

### **Samningar**

Samningur við Marka um notkun á Spaldingboltum í efstu deildum karla og kvenna var undirritaður í byrjun sumars 2009.

Samningur við Íslenskar Getraunir var gerður haustið 2010 um að fyrirtækjabíkarinn heiti Lengjubíkarinn tímabilin 2010-2011 og 2011-2012.

Samningur við Vífilfell var endurnýjaður og eflur haustið 2010 og ber bikarkeppni KKÍ nafn Powerade - Poweradebíkarinn tímabilin 2010-2011, 2011-2012 og 2012-2013.

Samningur við JAKO um keppnisbúninga og fatnað á landsliði KKÍ rann út um áramótin 2010/2011. JAKO er þakkað samstarfið á undanförunum árum.

Þegar þetta er ritað er verið að vinna að samningi við einn aðila um fatnað og keppnisbúninga fyrir landsliðin.

Samstarf við Iceland Express um efstu deild karla og kvenna, Iceland Express deildirnar, var með miklum ágætum en samningurinn við Iceland Express rennur út eftir næsta keppnistímabil, það er vorið 2012.

KLM verðlaunagripir hafa séð KKÍ fyrir öllum verðlaunagripum á starfstímabilinu eins og undanfarin ár.

### **Hóf fyrir fyrsta landsliðið í körfuknattleik**

Í lok ágúst 2009 var haldið hóf til að fagna því að 16. maí það ár voru liðin 50 ár frá fyrsta landsleik Íslands í körfubolta.

Hófið var haldið í Smáranum í Kópavogi fyrir landsleiki sem spilaðir voru þann dag hjá kvenna- og karlaliðinu. Boðið var uppá hádegisverð og var öllum sem tóku þátt í þessum fyrsta landsleik boðið ásamt Einari Bollasyni og Einari Ólafssyni heiðurskrosshöfum KKÍ, Kolbeini Pálssyni eina körfuknattleiksmanninum sem hlótið hefur sæmdartítilinn íþróttamaður ársins en það var árið 1966 og svo Ólafi Rafnssyni forseta ÍSÍ.

Þeir einstaklingar sem tóku þátt í fyrsta landsleiknum fengu afhenta innrammaða mynd af hópnum sem tekin var fyrir brottför til Danmerkur í maí 1959.

### **Formannafundir og fundir með unglingsráðum**

Formannafundir voru haldnar 3. október 2009, 20. mars 2010, 2. október 2010 og 12. mars 2011. Formannfundir eru afar mikilvægir fyrir forsvarsmenn félaganna sem og stjórn og starfsmenn KKÍ til að skiptast á skoðunum og fara yfir stöðuna í körfuboltanum. Það er fagnaðarefni að fulltrúum félaganna hefur farið fjölgandi á formannafundum en árin 2007-2009 voru fundirnir því miður ekki nægilega vel sóttir.

Haustið 2008 var í fyrsta sinn haldinn sérstakur fundur með unglingaráðum félaganna þar sem málefni yngri flokka voru rædd. Þessi fundur tókst mjög vel og síðan hefur verið haldinn fundur með unglingráðunum á hverju hausti. Þessir fundir eru ekki síður mikilvægir en formannafundir í samskiptum milli stjórnar og starfsmanna KKÍ og félaganna.

Fundur með unglingaráðum félaganna voru haldnir 30. ágúst 2009 og 28. ágúst 2010.

### **50 ára afmæli KKÍ 29. janúar 2011**

Stjórn ákvað að skipa afmælisnefnd vegna 50 ára afmælis KKÍ og hélt nefndin sinn fyrsta fund föstudaginn 29. janúar 2010 á 49 ára afmæli sambandsins.

Afmælisnefndin er skipuð þeim Kolbeini Pálssyni sem er formaður nefndarinnar, Ríkharði Hrafnkelssyni og Gunnari Þorvarðarsyni en með nefndinni starfa formaður, varaformaður og starfsmenn KKÍ.

Kolbeinn kynnti gróflega útfærðar hugmyndir nefndarinnar að 50 ára afmælisárinu á formannafundi í mars 2010.

Afmælisárið hófst formlega á sjálfan afmælisdaginn með fjölskyldu- og körfuboltadegi í Smáralind. Dagurinn í Smáralind tókst mjög vel þar sem nokkur þúsund manns komu. Sérstaklega var gaman að sjá hversu margir „eldri“ körfuboltamenn litu við.

Kynningarbæklingur um KKÍ og starfsemina var prentaður í tilefni afmælisins og sala á happdrættismiðum í tengslum við afmælisárið hófst.

Hátíðarkvöldverður stjórnar, afmælisnefndar og starfsmanna var að kvöldi afmælisdagsins.

Lokahóf KKÍ 30. apríl 2011 var einnig afmælishóf og meðal þeirra sem komu á hófið var Yvan Mainini forseti FIBA World.

Ýmsir viðburður eru áætlaðir á afmælisárinu sem kynntir hafa verið eins og þjálfaranámskeið, dómaranámskeið, kynningar á körfubolta, sumardeildin og ýmislegt fleira.

### **Reglugerðarbreytingar**

#### **Eftirfarandi breytingar stjórnar á reglugerðum sambandsins voru samþykktar á formannafundi 20. mars 2010**

Greinum 48 og 49 í reglugerð um mótahald var breytt á stjórnarfundi 11. ágúst 2009. Grein 12 í reglugerð um körfuknattleiksmót var breytt á stjórnarfundi 15. janúar 2010.

Grein 4 í reglugerð um erlenda leikmenn var breytt á stjórnarfundi 15. janúar 2010.

Grein 2 e-liður í reglugerð um félagaskipti var breytt á stjórnarfundi 9. mars 2010.

## **Eftirfarandi breytingar stjórnar á reglugerðum sambandsins voru samþykktar á formannafundi 2. október 2010**

Reglugerð um erlenda leikmenn lögð niður og reglugerð um félagaskipti endurbætt. Félagaskipti erlendra leikmanna er nú í reglugerð um félagaskipti.

### **Framboð Ólafs Rafnssonar til forseta FIBA-Europe**

Miðvikudaginn 11. nóvember 2009 var tilkynnt um framboð Ólafs Rafnssonar til forseta FIBA-Europe, framboðið var stutt af ríkisstjórn Íslands og forseta Íslands. Á blaðamannafundi sem haldinn var 11. nóvember 2009 lýsti Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, yfir stuðningi við framboðið. Gefinn var út myndarlegur bæklingur þar sem stefnumál Ólafs komu fram auk þess sem vefsíðan rafnsson.is var sett í loftið.

Sú hefð hefur myndast að sambönd frambjóðenda til forseta FIBA Europe gefa þingulltrúum gjafir við upphaf þings. Gjöf KKÍ til þingulltrúa var hraunmoli úr gosinu í Eyjafjallajökli á fallegum platta og vakti molinn mikla kátínu þingulltrúa en gosið hófst þremur vikum fyrir þingið og hafði meðal annars áhrif á störf þess á þann hátt að sumir þingulltrúar komust ekki á tilsettum tíma þar sem flugsamgöngur voru í ólagi eins og frægt varð.

Ólafur var kosinn forseti FIBA Europe laugardaginn 15. maí 2010 með 32 atkvæðum en mótframbjóðandi hans frá Tyrklandi, Turgay Demirel, hlaut 19 atkvæði. Enginn Íslendingur hefur gegnt forystuhlutverki í eins stórri alþjóðlegri hreyfingu sem FIBA Europe er.

### **Alþjóðlegt starf**

Hannes S. Jónsson og Friðrik Ingi Rúnarsson fóru til Póllands um miðjan september 2009 til að vera viðstaddir úrslitin í EM karla sem og fundi á vegum FIBA Europe.

Norðurlandafundur var haldinn 13. nóvember 2009 í Kaupmannahöfn og voru Hannes S. Jónsson og Friðrik Ingi Rúnarsson fulltrúar Íslands. Keppnisfyrirkomulag í Evrópu var mikið rætt.

Laugardaginn 14. nóvember 2009 voru nýjar höfuðstöðvar FIBA Europe í München opnaðar og voru Hannes S. Jónsson, Friðrik Ingi Rúnarsson, Ólafur Rafnsson og Pétur Hrafn Sigurðsson fulltrúar Íslands á staðnum.

Í byrjum febrúar 2010 og 2011 sótti Friðrik Ingi árlegan vinnufund framkvæmdastjóra körfuknattleikssambanda innan FIBA Europe.

Hannes og Friðrik Ingi fóru á Stjórnuleik NBA í Dallas í febrúar 2010 í boði NBA.

Hannes, Friðrik og Pétur Hrafn Sigurðsson fóru á ársþing FIBA Europe í München í Þýskalandi 14. -16. maí 2010.

Heimsþing var haldið í Tyrklandi 4.-7. september 2010 en þangað mættu fulltrúar 170 þjóða og var það metþátttaka en 213 þjóðir eru í FIBA World. Hannes S. Jónsson og Friðrik Ingi Rúnarsson voru fulltrúar Íslands og þar tók Ólafur Rafnsson formlega sæti í stjórn FIBA World sem forseti FIBA Europe.

Brynjar Karl Sigurðsson frá Sideline Sport var einnig á heimsþinginu í boði FIBA World en Sideline er í samstarfi við FIBA World.

Norðurlandafundur var haldinn 29. október 2010 í Stokkhólmi og voru Hannes S. Jónsson og Friðrik Ingi Rúnarsson fulltrúar Íslands. Málefni Norðurlandanna í Evrópu voru mikið rædd.

Ólafur Rafnsson var í stjórn FIBA Europe og í hinum ýmsu nefndum til vorsins 2010 en þá tók hann við forsetaembætti FIBA Europe til ársins 2014. Ólafur situr í stjórn FIBA World sem forseti Evrópu.

Pétur Hrafn Sigurðsson var í unglinganefnd FIBA Europe til vorsins 2010.

Hannes S. Jónsson var skipaður í fjárhagsnefnd FIBA Europe fyrir starfsárin 2010-2014.

Guðbjörg Norðfjörð var skipuð í unglinganefnd FIBA Europe fyrir starfsárin 2010-2014.

Hannes og Guðbjörg sóttu nokkra fundi erlendis vegna nefndarsetu sinnar.

### **Heimsókn forseta FIBA World**

Í tilefni af 50 ára afmæli KKÍ heimsótti forseti FIBA World Yvan Mainini Ísland heim í lok apríl 2011. Mainini fundaði með stjórn og starfsmönnum KKÍ, heimsótti æfingabúðir hávaxinna leikmanna og var viðstaddur afmælis- og lokahófið 30. apríl. Það er mikill heiður fyrir íslenskan körfubolta að hafa fengið æðsta mann körfuboltamála í heiminum hingað í heimsókn en innan FIBA eru 213 þjóðir með yfir 450 milljónir leikmanna.

Mainini lýsti yfir mikilli ánægju sinni og FIBA með það starf sem fram fer í körfuboltanum hér á Íslandi og hversu mikið Íslands hefði tekið þátt í starfsemi alþjóða körfuboltans.

### **Boð á körfuboltabúðir í tengslum við HM**

Í tengslum við HM í Tyrklandi þá var aðildarlöndum FIBA World boðið að senda einn strák, eina stelpu og einn þjálfara í alþjóðlegar æfingarbúðir „Children Of The World 2010“ í boði FIBA World og tyrkneska sambandsins. 110 lönd sendu fulltrúa í búðirnar. Krakkarnir þurftu að vera fædd árið 1996 og þjálfarinn yngri en 35 ára.

Valin til að fara í ferðina voru Högni Fjalarsson úr KR og Bríet Hinriksdóttir frá Keflavík. Með þeim í för var Örvar Kristjánsson þjálfari.

Þau tóku þátt í ýmsum viðburðum tengdu HM og meðla annars tóku krakkarnir þátt í opunarhátíð HM og er það í fyrsta sinn sem Íslendingar taka þátt í opunarhátíð HM í körfubolta en sýnt var frá hátíðinni eins og HM keppninni allri beint til 183 landa.

### **Lyfjamál / lyfjapróf**

ÍSí hefur unnið mikla og góða vinnu í fræðslu um steranotkun og lyfjamál íþróttshreyfingarinnar.

ÍSí sér einnig um að lyfjaprófa íþróttamenn og frá maí 2009 til apríl 2011 hafa 39 körfuknattleiksmenn (20 karlar og 19 konur) verið lyfjaprófaðir jafnt innan sem utan keppnistímabils. Öll prófin hafa verið neikvæð.

### **Útbreiðslustarf**

10. október 2009 var haldinn körfuboltadagur í Smáralind sem tókst mjög vel.

Plaggat með myndum af nokkrum landsliðsmönnum okkar var gefið út haustið 2010 og gátu félög nýtt sér það til kynningar á sínum svæðum.

Blaðið Karfan kom út haustið 2009 og aftur haustið 2010 en þá sá KKÍ alfarið um útgáfuna og sölu auglýsinganna.

## **Meistarar meistaranna**

11. október 2009 var Neistinn félag hjartveikra barna styrkt, leikirnir fóru fram í DHL-höllinni.

10. október 2010 var Fjölskylduhjálpi Íslands styrkt og fóru leikirnir fram í Stykkishólmi.

## **Stjörnuleikir**

Stjörnuleikur karla og kvenna fóru fram laugardaginn 12. desember 2009 í Íþróttamiðstöðinni Dalhúsum í Grafarvogi. Mikil mæting var á viðburðinn en m.a. mættu þar í sérstökum leik eldri landsliðsmenn á móti landskunnum einstaklingum sem eru þekktir fyrir annað en færni sína á körfuboltavellinum.

Ákveðið var að skipta upp Stjörnuleikjum karla og kvenna tímabilið 2010-2011.

Karlaleikurinn fór fram í Seljaskóla á heimavelli ÍR þar sem tókst vel til og var mæting góð.

Kvennaleikurinn fór fram í Ásgarði á heimavelli Stjörnunnar 15. janúar 2011 og var mæting mun betri en þegar karla og kvennaleikurinn hefur verið á sama tíma. Mjög líklega mun þetta fyrirkomulag verða áfram.

## **Afreksstarfið**

Í byrjun árs 2010 tilkynnti stjórn KKÍ að enginn landslið færu í Evrópukeppni á vegum KKÍ sumarið 2010 og því ljóst að A-landslið tækju ekki þátt 2010 og né heldur 2011 en stefnt væri að því að 1-2 yngri lið færu út á EM sumarið 2011.

900 einstaklingar komu að afreksstarfinu árið 2010 þrátt fyrir að ekki hafi verið farið í Evrópukeppni og spilaðir voru hátt í 40 landsleikir hjá yngri liðunum. U-16 drengja urðu Norðurlandameistarar 2010.

Í nóvember 2010 var nýtt verkefni kynnt sem er landslið U-20 karla þar sem lögð er áhersla á að leikmenn á aldrinum 17-20 ára komi að verkefninu. Benedikt Guðmundsson var ráðinn þjálfari og verður fyrsta verkefni þessa hóps að fara í Evrópukeppni í júlí 2011.

Staðan í afreksmálum KKÍ er þannig í dag; úrvalsþúðir, afreksþúðir, U-15, U-16 og U-18 allt kynjaskipt, U-20 karla og svo A-lið karla og kvenna.

Mikil vinna hefur farið fram í tengslum við afreksmálin til þess að móta stefnu til framtíðar og mun áfram verða lögð mikil vinna í það á næstu mánuðum.

## **Fjölmiðlar**

Samstarf við fjölmiðla er gott og leggja stjórn og starfsmenn KKÍ mikla áherslu á öflugt samstarf við alla fjölmiðla. Tölfræðikerfi KKÍ er algjör bylting og þá sérstaklega fyrir fjölmiðlamenn sem fá allar upplýsingar til sín um alla tölfræði í Iceland Expressdeildunum, 1.deild karla, Poweradebikanum og Lengjubikarnum fljótlega eftir að leikjum lýkur.

Samningur við SportTV haust 2009 fyrir keppnistímabilið 2009-2010.

Körfuboltahreyfingin hefur verið mjög dugleg að koma íþróttinni á framfæri meðal annars með því að sýna beint frá leikjum á internetinu. Einnig hafa miðlar eins og karfan.is og leikbrot.is staðið sig frábærlega í allri umfjöllun sem og vefmiðillinn sport.is.

## Heiðursveitingar

Kolbeinn Pálsson fékk afhentan heiðurskross KKÍ á afmælis- og lokahófi KKÍ 30. apríl 2011 en Kolbeinn er fjórði einstaklingurinn í 50 ára sögu KKÍ sem fær afhentan heiðurskross sambandsins.

Svali Björgvinsson fékk afhent gullmerki KKÍ á lokahófi KKÍ 1. maí 2010.

Snorri Örn Arnaldsson fékk afhent silfurmerki KKÍ á þingi KKÍ í Smáranum í maí 2009.

Sigmundur Már Herbertsson fékk afhent silfurmerki á lokahófi KKÍ 1. maí 2010.

Skúli Valtýsson, Ásgrímur Ingólfsson og Samúel Guðmundsson fengu afhent silfurmerki KKÍ á 80 ára afmælishátíð Hauka 12. apríl 2011.

Ágúst Kárason, Rögnvaldur Hreiðarsson og Póra Melsted fengu afhent silfurmerki KKÍ á afmælis- og lokahófi KKÍ 30. apríl 2011.

## Lokahóf

Lokahóf keppnistímabilsins 2009-2010 var haldið á Broadway 1. maí 2010 en þangað komu hátt í 400 manns.

Lokahóf keppnistímabilsins 2010-2011 var haldið á Broadway 30. apríl 2011 en það var jafnframt 50 ára afmælishóf. Hátt í 400 manns komu á afmælis- og lokahófið.

Pétur Guðmundsson fyrsti Evrópubúinn sem spilaði í NBA-deildinni var sérstakur heiðursgestur KKÍ á hófinu ásamt Yvan Mainini, forseta FIBA.

## Útikörfuboltavellir / Sumardeildin

Í mars 2010 kom Sverrir Bergmann, áhugamaður um körfubolta, á fund með KKÍ til þess að fara yfir hugmyndir að sumardeild og í framhaldinu var henni komið á laggirnar. Úrslitadagur Sumardeildarinnar var haldinn 21. ágúst á Klambratúni í Reykjavík – sigurvegarar voru Lithuanica. Stefnt er að því að Sumardeildin verði enn stærri sumarið 2011.

Áfram þarf að ýta við sveitarfélögunum um að bæta útiaðstöðu fyrir körfuboltavelli því þó sum sveitarfélög hafi staðið sig mjög vel þurfa allmörg að standa sig betur.

## Breyting á línunum körfuboltavalla og 24 sek. klukkunni

Samkvæmt breytingum hjá FIBA World verða breytingar á línunum og 24. sek. kerfi haustið 2011. Breytingarnar áttu að taka gildi haustið 2010 en stjórn KKÍ ákvað að veita sveitarfélögunum góðan tíma til að vinna þetta nmeð tilliti til fjárhagslegrar stöðu flestra þeirra. Skrifstofa KKÍ hafði samráð við marga aðila en kynning á þessum breytingum fór fyrst formlega fram á formannafundi 20. mars 2010 og í apríl 2010 til allra sveitarfélaga á landinu. Áminningarbréf um þessi mál var svo sent í byrjun apríl 2011.

## MBT - SmartStat

Algjör bylting varð haustið 2009 þegar nýtt mótakerfi var tekið í notkun en samið var við MBT í Litháen sem er einnig með SmartStat tölfraðikerfið. Almenn ánægja er með kerfið og það gjörbylti vinnuumhverfi sambandsins.



### **Samstarf við ÍSí og önnur sérsambönd**

Eins og gefur að skilja er mikið samstarf við ÍSí og er það með miklum ágætum. Stjórn og starfsmenn KKÍ sóttu hina ýmsa fundi og ráðstefnur á vegum ÍSí. Einnig er gott samstarf við önnur sérsambönd ÍSí sem og UMFÍ.

Íþróttaping ÍSí var haldið í byrjun apríl 2011 og sóttu þingið fyrir hönd KKÍ: Hannes S. Jónsson, Guðbjörg Norðfjörð, Þóra Melsted, Friðrik Ingi Rúnarsson og Pétur Hrafn Sigurðsson.

Nokkrir einstaklingar úr körfuknattleiksráðum starfa í stjórn og eða fastanefndum ÍSí Ólafur Rafnsson er forseti ÍSí, Kolbeinn Pálsson er fulltrúi í afrekssjóði ÍSí og Skúli Skúlason er formaður lyfjaráðs.

### **Endurskipulagning og markmið næstu ára**

Starfsemi KKÍ hefur farið ört vaxandi á síðustu 10 til 15 árum og var orðið nauðsynlegt fara vel yfir alla starfsemi sambandsins og körfuknattleikshreyfingarinnar. Stjórn og starfsmenn hafa haldið nokkra starfsdaga þar sem farið er vítt og breitt yfir starfsemina. Búið er að setja fram markmið til 2016 og fylgja þau markmið með hér í þessari skýrslu.



# Endurskipulagning á starfsemi sambandsins - markmið til 2016

## Fjármál

- Gera grófa fjárhagsáætlun fyrir 2012 og 2013
- Hvar þarf að sækja fjármagn/tæki og tól
- ÍSÍ/ríkið, Lottó, félögin (mótagjöld og annað), fyrirtækin, annað
- Taka upp skipulag skrifstofunnar og stjórnar

## Útbreiðsla - Fjölga skráðum iðkendum úr 7.000 í 10.000

- Hvetja til svæðisbundinna móta - lágmarka ferðalög
- Virkja félög, héraðssamböndin og íþróttabandalögin til að vinna að aukningu iðkenda
- Knýja á að sveitarfélögin bæti útiaðstöðu til körfuboltaíðkunar
- átak á höfuðborgarsvæðinu
- Ná í vinnuhópana/vinahópana sem æfa/iðka körfubolta sér til ánægju og hreyfingar
- Körfuknattleikur á að vera stundaður í öllum 25 íþróttahéruðum landsins

## Að auka fjölmiðlaumfjöllun

- Gott upplýsingaflæði til fjölmiðla um allt okkar starf á öllum stigum
- Útbúa þætti - t.d. þáttur vikunnar/mánðarins - gera þátt um yngriflokkamót félaganna
- Aðstaða fyrir fjölmiðla hjá félögunum
- Heimasíður KKÍ og félaganna + t.d. facebook
- Koma leikmönnum okkar sem eru erlendis á framfæri við fjölmiðla
- Sýna frá stóru erlendu lokamótunum eins og HM og EM

## Landsliðs- og afreksmál

- Að A-landslið karla og kvenna taki þátt í Evrópukeppni í hvert sinn.
- Umgjörð og aðbúnaður A-landsliða
- Að yngri landslið taki þátt í Evrópukeppni þegar styrkleiki þeirra gefur ástæðu til
- Umgjörð og aðbúnaður yngri liðanna
- Önnur mót allra landsliða til dæmis NM og æfingaleikir
- Fagteymi sérfræðinga
- Handbók landsliðsþjálfarans/skipulag afreksstarfsins
- Afreksbúðir
- Úrvalsbúðir

## Fræðslumál

- Allir þjálfarar hafi grunnmenntun
- Huga að eftirliti fræðsluáætlunar og að henni sé fylgt
- Búa til fleiri dómara
- Endurmenntun dómara
- Stefna að því að allir leikir á vegum KKÍ verði dæmdir af réttindadómurum
- Skipuleggja þjálfara- og dómaramámskeið mjög tímanlega
- Bæta við fræðsluefni og aðgengi þjálfara og dómara að þeim
- Halda kostnaði við námskeiðin í lágmarki fyrir félögin
- Ritaraborð - námskeið

## Skýrsla mótanefndar 2009-2011

### Tímabilið 2009-2010

Mótanefnd var skipuð þeim Jóni Halldórssyni formanni, Kristjáni Guðlaugssyni og Guðna Guðnasyni.

Veturinn 2009-10 tóku 42 félög þátt í Íslandsmótinu og var það aukning um eitt félag miðað við tímabilið á undan. Einhver meiri breyting var þó á liðum en lið Geislans, Árborgar, Smári Varmahlíð og Stál-úlfs, sem er íþróttafélag Félags Litháa á Íslandi, bættust í flóruna í 2. deild karla. Afturelding sendi eingöngu lið tilkeppni í yngri flokkum ásamt Herði og Kormáki. Þau félög sem tóku ekki þátt í Íslandsmótinu þetta tímabilið voru Árvakur, Glói og Brokey. Reykdælir sem og Sindri sem höfðu eingöngu sent lið tilkeppni í yngri flokkum undanfarin ár tóku þátt í 2. deild karla.

Meistarar Meistaranna fór fram á heimavelli KR sem voru Íslandsmeistarar karla frá fyrra ári. Þar áttust við KR og Stjarnan hjá körlum og sigraði Stjarnan 80:89 og hjá konum urðu KR meistarar eftir sigur á Íslandsmeisturum Hauka 45:78.

Átta lið léku í Iceland Express-deild kvenna. KR varð deildarmeistari að lokinni deildarkeppni, fyrst í einni deild og svo eftir leiki í A- og B-riðlum. Eftir umspil um sæti í undanúrslitum voru það Haukar sem lögðu Grindavík og Keflavík lagði Snæfell en báðar rimmur fóru 2-0. Í undanúrslitunum mættust Hamar og Keflavík og þar sigraði Hamar samanlagt 3-2 og KR lagði á sama tíma lið Hauka 3-0 samanlagt.

Í lokaúrslitunum mættust því KR og Hamar í skemmtilegri seríu. Eftir oddaleik í DHL-höllinni urðu KR-stúlkur Íslandsmeistarar 2010 með sigri 84:79.

Í Iceland Express-deild karla voru lið Hamars og Fjölnis nýliðar. Eftir deildarkeppni urðu KR deildarmeistarar þar sem KR og Grindavík gátu orðið deildarmeistarar í síðustu umferð. Í 8-liða úrslitakeppni mættust KR og ÍR þar sem KR vann 2-0, Keflavík sló út Tindastól 2-1 og Grindavík féll úr leik fyrir Snæfell 2-0. Stjarnan og Njarðvík áttust við í fyrstu umferð og þar vann Njarðvík 2-1 sigur samanlagt.

Í undanúrslitum léku því KR gegn Snæfell og Keflavík og Njarðvík. Snæfell lagði KR í oddaleik í vesturbænum í mögnum sjónvarpsleik og Keflavík lagði granna sína Njarðvík 3-1 og því Keflavík og Snæfell komin í lokaúrslitin.

Úrslitasería Snæfells og Keflavíkur verður lengi í minnum höfð enda var hún stórskemmtileg. Að lokum varð að leika oddaleik í Keflavík til að skera úr um hvort liðið yrði Íslandsmeistari 2010 og þar var það Snæfell sem sigraði og varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn í sögu félagsins.

1. deild karla var nokkuð jöfn en KFÍ sigraði deildarkeppnina og fór upp um deild. Næstu lið voru jöfn og voru liðin í 3.-5. sæti öll jöfn að stigum. Haukar sem lentu í öðru sæti léku gegn Þór Þorlákshöfn og Valur og Skallagrímur áttust við í hinni viðureigninni. Að lokum áttust Haukar og Valur við um laust sæti í efstu deild að ári og þar voru það Haukar sem fóru upp eftir að hafa unnið tvo leiki í röð.

Í 1. deild kvenna var skipuð 6 liðum og þar var það Fjölnir sem fór upp um deild eftir að hafa orðið deildarmeistari og síðan lagt Þór Akureyri í úrslitakeppni með sigri í tveim leikjum.

Fyrirtækjabikarkeppnin bar nafnið Poweradebikarinn. Leikið var til úrslita í Laugardalshöll. Hjá konum urðu KR meistara eftir sigur á Hamar 67:63. Í úrslitum karla áttust við Njarðvík og Grindavík þar sem Grindavík hrósaði sigri 79:62.

Subwaybikarkeppni karla og kvenna fór fram í annað sinn með nafni Subway sem styrktaraðila og leikið var til úrslita í Laugardalshöll. Báðir úrslitaleikirnir voru sýndir í beinni útsendingu á RÚV. Snæfell og Grindavík áttust við í úrslitaleik karla sem var stórskemmtilegur og endaði með sigri Snæfels 92:81. Haukar og Keflavík áttust við í hinum úrslitaleiknum og þar unnu Haukar 82:77 eftir skemmtilegan og jafnan leik.

2. deild karla var skipuð 16 liðum sem léku í þremur riðlum. Í lok tímabilsins var leikin úrslitakeppni á Selfossi yfir eina helgi. Þar fóru Leiknir Reykjavík og Laugdælir í úrslit sem þýddi að bæði lið áttu rétt á að leika í 1. deild að ári sem varð raunin. Laugdælir sigruðu úrslitaleikinn 84:76.

Í keppni B-liða léku 10 lið í tveim riðlum. Breiðablik og Stjarnan voru efst í öðrum riðlinum og Valur og Fjölnir í hinum. Eftir útsláttarkeppni voru það Breiðablik og Stjarnan sem mættust í úrslitaleik og þar sigraði Stjarnan 80:87 í úrslitaleik sem fram fór á Álftanesi.

Bikarúrslit yngri flokka fóru fram í Ljónagryfjunni í umsjón Njarðvíkur og var umsjón til fyrirmyndar og öll umgjörð leikja með glæsilegasta móti. Eftirfarandi lið urðu bikarmeistarar:

### **Bikarmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:**

Unglingaflokkur karla:	Pór P/Hamar
Unglingaflokkur kvenna:	Grindavík
Drengjaflokkur:	Snæfell/Skallagrímur
Stúlknafllokkur:	Haukar
11. flokkur karla:	Njarðvík
10. flokkur karla:	Njarðvík
10. flokkur kvenna:	Keflavík
9. flokkur karla:	KR
9. flokkur kvenna:	Keflavík

Íslandsmót yngri flokka var að venju viðamikið og úrslitahelgin fór fram í Smáranum í umsjón Breiðabliks. Umgjörð var með glæsilegasta móti og leikir sýndir beint á netinu frá báðum helgum. Úrslit 11. flokks drengja voru kærð þar sem mistök á ritaraborði urðu til þess að annað liðið náði að skora sigurkórðu og því tafðist úrslitaleikur í þeim flokki og var spilaður síðar í Smáranum.

### **Íslandsmeistarar urðu sem hér segir í eftirtöldum flokkum 2010:**

Meistaraflokkur karla:	Snæfell
Meistaraflokkur kvenna:	KR
B-liðakeppni karla	Stjarnan
Unglingaflokkur karla:	Haukar
Unglingaflokkur kvenna:	Haukar
Drengjaflokkur:	Fjölnir
Stúlknafllokkur:	Haukar
11. flokkur karla:	Njarðvík

10. flokkur karla:	Njarðvík
10. flokkur kvenna:	Keflavík
9. flokkur karla:	KR
9. flokkur kvenna:	Keflavík
8. flokkur karla:	KR
8. flokkur kvenna:	Keflavík
7. flokkur karla:	Grindavík
7. flokkur kvenna:	Grindavík
Minnibolti drengja:	KR
Minnibolti stúlkna:	Keflavík

#### DEILDARMEISTARAR Í NEÐRI DEILDUM

1. deild karla:	KFÍ
1. deild kvenna:	Fjölnir
2. deild karla:	Laugdælir

#### ÍSLANDSMEISTARAR Í 2. DEILD YNGRI FLOKKA

8. flokkur karla:	Haukar
7. flokkur karla:	Fjölnir

### EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ

#### Úrvalslíð Iceland Express deildar kvenna:

Hildur Sigurðardóttir - KR  
 Krístrún Sigurjónsdóttir - Hamri  
 Margrét Kara Sturludóttir - KR  
 Birna Valgarðsdóttir - Keflavík  
 Signý Hermannsdóttir - KR

#### Besti leikmaður Iceland Express-deildar kvenna:

Signý Hermannsdóttir - KR

#### Úrvalslíð Iceland Express deildar karla:

Hörður Axel Vilhjálmsson - Keflavík  
 Brynjar Þór Björnsson - KR  
 Páll Axel Vilbergsson - Grindavík  
 Sigurður Þorvaldsson - Snæfell  
 Hlynur Bæringsson - Snæfell

#### Besti leikmaður Iceland Express-deildar karla:

Hlynur Bæringsson - Snæfell

#### Besti erlendi leikmaður kvenna:

#### Besti erlendi leikmaður karla:

#### Besti varnarmaðurinn kvenna:

#### Besti varnarmaðurinn karla:

#### Prúðasti leikmaðurinn karla:

#### Prúðasti leikmaður kvenna:

#### Besti ungi leikmaðurinn kvenna:

#### Besti ungi leikmaðurinn karla:

#### Besti þjálfari kvenna:

Heather Ezell - Haukum  
 Justin Shouse - Stjórnunni  
 Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir - KR  
 Hlynur Bæringsson - Snæfell  
 Ómar Örn Sævarsson - Grindavík  
 Ragna Margrét Brynjarsd. - Haukum  
 Guðbjörg Sverrisdóttir - Hamri  
 Ægir Þór Steinarsson - Fjölni  
 Benedikt Guðmundsson - KR

**Besti þjálfari karla:**  
**Besti dómariinn:**  
**Besti leikmaður úrslitakeppni kvenna:**  
**Besti leikmaður úrslitakeppni karla:**

Ingi Þór Steinþórsson - Snæfell  
Sigmundur Már Herbertsson  
Unnur Tara Jónsdóttir - KR  
Hlynur Bæringsson - Snæfell

**Úrvalslíð 1. deildar karla:**

Sævar Haraldsson - Haukar  
Baldur Ragnarsson - Þór Þorlákshöfn  
Hörður Hreiðarsson - Valur  
Óðinn Ásgeirsson - Þór Akureyri  
Grétar Erlendsson - Þór Þorlákshöfn

**Besti leikmaður 1. deildar karla:**

Grétar Erlendsson - Þór Þorlákshöfn

**Besti þjálfari 1. deildar karla:**

Borce Ilievski - KFÍ

**Úrvalslíð 1. deildar kvenna:**

Íris Gunnarsdóttir - Skallagrímur  
Erna Rún Magnúsdóttir - Þór Akureyri  
Eva María Emilsdóttir - Fjölnir  
Gréta María Grétarsdóttir - Fjölnir  
Salbjörg Sævarsdóttir - Laugdælir

**Besti leikmaður 1. deild kvenna:**

Gréta María Grétarsdóttir - Fjölnir

**Besti þjálfari 1. deildar kvenna:**

Eggert Maríuson - Fjölnir

**Áhorfendaverðlaun 2009-2010** Stuðningsmenn Snæfells

**Fjölmíðlaverðlaunin:** Morgunblaðið

**Tímabilið 2010-2011**

Mótanefnd var skipuð þeim Jóni Halldórssyni formanni, Kristjáni Guðlaugssyni og Guðna Guðnasyni.

Nokkur ný lið skráðu sig til leiks veturinn 2010-11 en það voru Umf. Bolungarvík, Fram, KV, Smári, Patrekur og Umf. Víkingur frá Ólafsvík. Í heildina tóku þátt 43 félag sem er aukning um eitt milli ára. Geislinn, Árborg og Mostri voru ekki með og Reykdælir skráðu eingöngu lið til leiks í yngri flokkum. Hörður, Kormákur, Afturelding og Reykdælir sendu eingöngu lið til keppni í yngri flokkum.

Meistarar meistaranna fór fram í Stykkishólmi á heimavelli Íslandsmeistara karla. Snæfell vann Grindavík hjá körlunum 102:93, en þar sem Snæfell voru tvöfaldir meistarar voru það Grindavíkingar sem voru fulltrúar Bikarkeppninnar. Hjá konum sigraði lið KR lið Hauka 72:58.

Iceland Express-deild kvenna var skipuð 8 liðum. Eftir 14 leiki í deild og leiki í A- og B-riðlum varð Hamar deildarmeistari 2011. Fjölirnir féll í 1. deild kvenna. Eftir umspil neðri liða í A-riðli og efri liða í B-riðli þar sem KR mæti Snæfelli og Haukar léku gegn Njarðvík voru það Keflavík og KR annars vegar og Hamar og Njarðvík hinsvegar sem léku í undanúrslitum. Keflavík lagði Njarðvík í lokaúrslitunum 3-0 og urðu Íslandsmeistarar 2011.

Í fyrstu deild kvenna varð Stjarnan deildarmeistari. Tvö efstu A-lið 1. deildar kvenna mættust í úrslitakeppni og voru það lið Stjörnunnar og Vals sem áttust við. Valur sigraði 2-0 og leikur því í Iceland Express-deild kvenna að ári.

1. deild karla var skipuð 10 liðum þar sem Þór Þorlákshöfn hafði nokkra yfirburði og sigraði örugglega og unnu sér sæti í efstu deild að ári. Í úrslitakeppni um annað sætið og réttinn til að fylgja Þór Þorlákshöfn upp um deild léku Þór Akureyri, Breiðablik, Valur og Skallagrímur. Valur sigraði í tveim leikjum og Þór Akureyri sömuleiðis. Valur sigraði síðan Þór Akureyri 2-1 eftir jafna og skemmtilega seríu og leika því í efstu deild að ári. Leiknir Reykjavík og Ármann féllu í 2. deild.

Lengjubikarinn fór fram í upphafi móts og fóru úrslitaleikirnir fram í Laugardalshöllinni. Snæfell lagði Grindavík að velli í undanúrslitunum og KR sigraði Keflavík. Snæfell vann svo KR í úrslitaleiknum 97:93.

Hjá konunum voru það Keflvíkingar sem lögðu KR 101:70 en KR hafði sigrað Hauka og Keflavík Hamar á leið sinni í úrslitin.

Bikarkeppni KKÍ bar nafnið Poweradebikarinn í fyrsta sinn en var áður nafn Fyrirtækjabikarsins. KR og Grindavík áttust við í úrslitaleik karla. Grindavík lagði nýliða Hauka í undanúrslitum og KR sigraði Tindastól. Í Laugardalshöll sigraði KR lið Grindavíkur 94:72 og urðu bikarmeistarar eftir 20 ára bið. Hjá konum urðu Keflavík meistarar eftir sigur á KR í úrslitaleik 72:62. KR lagði Hamar á leið sinni í úrslit en Keflavík granna sína í Njarðvík.

2. deild karla var leikin í tveimur riðlum og eingöngu skipuð A-liðum félaga. B-lið léku í sér keppni. 8-liða úrslitakeppni var leikin í kross með útsláttarfyrirkomulagi. Í úrslitaleik 2. deildar áttust við ÍG og ÍA þar sem ÍG frá Grindavík sigraði 95:82. Bæði lið unnu sér rétt til að leika í 1. deild karla að ári. Í keppni B-liða vann Stjarnan lið KR eftir 4-liða úrslitakeppni með útsláttarfyrirkomulagi. Stjarnan lagði lið Vals og KR sigraði Grindavík í undanúrslitum.

Bikarúrslit yngriflokka fóru fram á Ásvöllum í umsjón Hauka og var glæsileg umgjörð á öllum leikjum og þeir sýndir beint á Haukar-TV á netinu. Bikartitlar fóru í alla fjóra landsfjórðunga og þar var Höttur frá Egilsstöðum að vinna sinn fyrsta titil í hópíþrótt í sögu austurlands.

Úrslit yngriflokka fóru fram á tveimur helgum í apríl, fyrst dagana 9.-11. og svo seinni helgina 15.-17. og var mótshald í umsjón Fjölnis sem var með glæsilegasta móti og voru allir leikir sendir beint út á netinu.

Sá einstaki árangur náðist hjá Keflavík að allir kvennaflokkar félagasins höfpuðu íslandsmeistaratitli, frá Minnibolta upp í meistaflokk.

### **Íslandsmeistarar urðu sem hér segir í eftirtöldum flokkum 2011:**

Meistaraflokkur karla:	KR
Meistaraflokkur kvenna:	Keflavík
B-liðakeppni karla	Stjarnan
Unglingaflokkur karla:	Njarðvík
Unglingaflokkur kvenna:	Keflavík
Drengjaflokkur:	Njarðvík
Stúlknaflokkur:	Keflavík
11. flokkur karla:	KR
10. flokkur karla:	Stjarnan
10. flokkur kvenna:	Keflavík
9. flokkur karla:	Haukar
9. flokkur kvenna:	Keflavík
8. flokkur karla:	Grindavík
8. flokkur kvenna:	Keflavík
7. flokkur karla:	KR
7. flokkur kvenna:	Keflavík
Minnibolti drengja:	KR
Minnibolti stúlkna:	Keflavík

### **DEILDARMEISTARAR Í NEÐRI DEILDUM**

1. deild karla:	Pór Þorlákshöfn
1. deild kvenna:	Stjarnan
2. deild karla:	ÍG

### **ÍSLANDSMEISTARAR Í 2. DEILD YNGRI FLOKKA**

7. flokkur karla:	Njarðvík
-------------------	----------

### **Bikarmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:**

Meistaraflokkur karla:	KR
Meistaraflokkur kvenna:	Keflavík
Unglingaflokkur karla:	Haukar
Unglingaflokkur kvenna:	Snæfell
Drengjaflokkur:	Njarðvík
Stúlknaflokkur:	Keflavík
11. flokkur karla:	Njarðvík/Grindavík
10. flokkur karla:	Höttur
10. flokkur kvenna:	Keflavík
9. flokkur karla:	Tindastóll
9. flokkur kvenna:	Keflavík



## EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ

### Úrvalslíð Iceland Express deildar kvenna 2010-2011

Pálína Gunnlaugsdóttir - Keflavík  
Margrét Kara Sturludóttir - KR  
Birna Valgarðsdóttir - Keflavík  
